



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Desember 2004 nr. 138

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Bragi Þorgrímur Ólafsson

JÓLARANNSÓKNARÆFING

11. DESEMBER 2004

Árleg jólarannsóknaræfing Félags íslenskra fræða, Sagnfræðingafélags Íslands og Reykjavíkur-Akademíunnar verður haldin í **Iðnó** laugardagskvöldið **11. desember** næstkomandi.

Húsið opnar klukkan 19:00

Við byrjum kvöldið á að hita okkur upp við kokteila og kertaljós, á hinum huggulega bar sem staðsettur er í risinu á **Iðnó**.

Jóla kvöldverður Tjarnarbakkans í Iðnó

Því næst liggur leið okkar niður um eina hæð, á veitingastaðinn **Tjarnarbakkann**, þar sem framreiddur verður glæsilegur 3ja rétta jóla kvöldverður.

Forréttur

Marineruð síld, grafin lambavöðvi, heitreykt bleikja með hunangssósu og fjallagrasapaté með kirsuberjasósu.

Með forréttinum verður boðið uppá rúgbrauð, laufabrauð og nýbakaðar brauðkollur.

Aðalréttur

Hangikjöt, svínahamborgarahryggur, purusteik og kalkúnabryóst, með sykurbraunum kartöflum, rauðkáli, eplasalati, grænum baunum, rjómasveppasósu og uppstúfi

Efírréttur

Ris A La Mande

Veislustjóri kvöldsins

Veislustjórn verður í höndum **Svanhildar Óskarsdóttur** bókmenntafræðings sem m.a. mun veita heppnum gestum kvöldsins **bókargjöf** frá Bjarti og JPV útgáfum.

Ræðumaður kvöldsins

Rithöfundurinn **Sjón**, öðru nafni Sigurjón Birgir Sigurðsson, verður ræðumaður kvöldsins.

Skemmtiatriði

Að borðhaldi loknu verður haldinn **dansleikur** í samkomusalnum þar sem hljómsveitin **Smaladregirnir** skemmtir gestum og kemur þeim í rétta girinn. Síðan verður vonandi dansað langt fram eftir nóttu.

Maturinn kostar **5.500** krónur.

Hægt er að skrá sig hjá eftirtöldum aðilum fyrir **8. desember** n.k.:

Hilma Gunnarsdóttur s. 8677111

hilmag@hi.is

Sigríður Þorvaldsdóttir s. 8639123

sth@hi.is

Klukkan **23:30** verður húsið opnað fyrir þá sem ekki koma í matinn en vilja skemmta sér með okkur fram eftir nóttu. Aðgangur kostar þá aðeins **500** krónur.

BÓKAVEISLA

16. DESEMBER 2004

Hin árlega bókaveisla Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags verður haldin fimmtudagskvöldið **16. desember** í húsi **Sögufélags** í Fischersundi.

Fjöldi höfunda mun kynna bækur sínar í örstuttu máli og gefst þarna gott tækifæri til að fræðast um ný söguleg rit í góðra vina hópi. Léttar veitingar verða í boði.

Kvöldið verður auglýst nánar á **Gammabrekku** og í fjölmiðlum þegar nær dregur og þá kemur fram hvaða einvalalið höfunda mun kynna bækur sínar.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þetta fimmtudagskvöld frá og fjölmenna með vini og vandamenn í Fischersundið.

WWW.AKADEMIA.IS/SAGA

HEIMASÍÐA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Forsætisráðherrar Íslands

Föstudaginn 17. september hélt Sagnfræðingafélag Íslands hádegisfund um bókina *Forsætisráðherrar Íslands* sem kom út skömmu áður. Fundurinn fór fram í Reykjavíkur-Akademíunni og voru frummælendurnir þau Ólafur Teitur Guðnason, ritstjóri bókarinnar og sagnfræðingarnir Hilma Gunnarsdóttir og Jón Þór Pétursson. Fundarstjórn var í höndum Birgis Hermannssonar, stjórnmaðlafræðings.

Að loknum erindum frummælendanna fóru fram umræður sem óhætt er að segja að hafi verið fjörugar. Bæði fyrirlestrarnir og umræðurnar vöktu nokkra athygli í fjölmiðlum.

Erindi þeirra Ólafs og Jóns má finna á vefritinu *Kistan* (www.kistan.is) undir „Fræði – Sagnfræðingafélagið“.

Ný sýn — *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*
Fimmtudaginn 25. nóvember stóð Sagnfræðingafélagið ásamt Háskólaútgáfunni fyrir fundi þar sem kynntar voru þrjár nýjar bækur í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*. Fundurinn fór fram í hádeginu í nýjum og glæsilegum fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

Bragi Þorgrímur Ólafsson kynnti bók sína, *Landsins útvöldu synir*, en hún hefur að geyma úrval ritgerða eftir skólapipta Lærða skólans í íslenskum stíl frá síðari hluta nítjándu aldar. Már Jónsson fjallaði um *Jónsbók*, sem kemur nú út í nýrri útgáfu og Sigurður Gylfi Magnússon kynnti bók sína, *Fortíðardraummar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Að loknum kynningum voru fyrirspurnir og umræður.

Guðni Th. Jóhannesson var fundarstjóri.

HÁDEGISFUNDIRNIR

Hádegisfundir félagsins í Norræna húsinu skipa fastan sess í fræðalífi landsins sem nýr og áhugaverður vettvangur fyrir rannsóknir og rök-ræður. Þeir eru vel sóttir og njóta athygli í fjölmiðlum. Í vetur er hefðinni haldið við með erindaröð sem ætlað er að svara spurningunni *Hvað er vald?* Að vanda er nálgunin þverfagleg en meginsteifið engu að síður sagnfræðilegt.

Helgi Þorláksson sagnfræðingur reið á vaðið 21. september með erindi um innlent höfðingjavalld, erlent konungsvald og líkamlegt ofbeldi á 15. öld. Þar færði hann rök fyrir því að fjarlægt vald konungs hefði verið landsmönnum nauðsyn og þeir lögðu áherslu á að halda góðu sambandi við hann. Rétt rúmlega hundrað manns komu á fundinn og umræður voru líflegar.

Á næsta fund mætti enn fleira fólk, eða hálf tannað hundrað, er Jón Ólafsson heimspækingur gerði lygina í stjórnámálum að umtalsefni, með tilliti til þess hvernig hana má nota til að stýra og síðan túlka atburðarás. Vald ræðst aðeins að hluta til af veruleikanum og ekki síður af væntingum sem hægt er að ráðskast með.

Á fundi 19. október talaði Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur um framkomu íslenskra stjórnámálanna gagnvart stórveldunum í kalda stríðinu út frá því sem hann kallaði vald hinna veiku, enda ljóst að veikburða ríki geta fengið sínu framgengt í krafti smáðarinnar og vegna þess að velvild þeirra þykir mikilvæg.

Tveimur vikum síðar, 2. nóvember, fjallaði Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur um merkingu orðsins *alþýða* í stjórnmaðlaumræðu um 1900 og reynist orðið skipta miklu máli til skilnings á sköpunarsögu sameiginlegrar sjálfsmyndar, sem síðar varð grundvöllur nýrrar stjórnmaðlahreyfingar.

16. nóvember sýndi Þorbjörn Broddason félagsfræðingur hvernig breytingar á ríkjandi boðskiptaháttum vekja bæði ugg og andstöðu málsvara gróinna gilda og hagsmuna, enda gegna fjölmiðlar sem fjórða grein valdsins miklu og sívaxandi hlutverki í nútímanum.

Á síðasta fundi vetrarinnar, 30. nóvember, fjallaði Þorgerður Einarsdóttir lektor í kynjafræðum um um tengsl valds og kyns.

Á alla þessa fyrirlestra mættu hátt í hundrað manns og sýnir það viðvarandi vinsældir erindaraðarinnar, sem ólíklegt er að minnki á komandi mánuðum miðað við æsispennandi dagskrána sem finna má á heimasíðu félagsins, www.akademia.is/saga.

Fyrirlestrana má finna á vefritinu *Kistan* (www.kistan.is) undir „Fræði – Sagnfræðingafélagið“.

Fundarröðin hefst að nýju eftir áramót þann 11. janúar þegar Erlingur Erlingsson sagnfræðingur flytur erindi er nefnist „Þjóðríkið og valdbeiting — hernaður frá Clausewitz til Creveld.“

Már Jónsson

SÖGUFÉLAG ÍSFIRÐINGA

ÞRÓTTMIKIÐ STARF Í FIMMTÍU ÁR

Sögufélag Ísfirðinga minntist þess á síðasta ári að liðin voru fimmtíu ár frá stofnun félagsins, en það var stofnað 18. janúar 1953. Afmælisins var minnst með samkomu í Turnhúsinu í Neðstakaupstað 13. júní 2003. Þar gerði formaður félagsins, Jón Páll Halldórsson, grein fyrir starfsemi félagsins frá upphafi en tilgangur þess hefur alla tíð verið að safna, varðveita og kynna hvers konar fróðleik um Ísafjarðarsýslu og Ísafjörð að fornu og nýju.

Ársrit félagsins hefur komið út frá árinu 1956 og er heildarfjöldi lesmálssíðna nú orðinn um 8000 síður.

Sögufélag Ísfirðinga hefur auk þess gefið út *Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna* eftir Jón Þ. Þór, *Vestfirzka slysdaga* eftir Eyjólf Jónsson og bækurnar *Frá línuveiðum til togveiða* og *Fiskvinnsla í sextíu ár* eftir Jón Pál Halldórsson, en sú síðastnefnda kom út á liðnu ári.

Meðal annarra nýlegra verkefna Sögufélags Ísfirðinga má nefna þátttöku þess í ráðstefnunni „Vestfirðir: aflstöð íslenskrar sögu“ sem haldin var í húsakynnum Menntaskólans á Ísafirði dagana 13.-15. júní 2003. Þar voru fluttir vel á þriðja tug fyrirlestra og voru þeir gefnir út í 43. árgangi *Ársrits* Sögufélagsins, sem kom út í lok árs 2003. Á haustdögum 2002 voru 100 ár liðin frá upphafi vélvæðingar bátaflotans á Íslandi, sem tvímælalaust verður að teljast einn mesti viðburður í atvinnusögu þjóðarinnar á liðinni öld. Sögufélagið beitti sér fyrir því, í samvinnu við ýmsa aðila sem málinu tengjast, að síðastliðið sumar var reist minnismerki á Ísafirði um upphaf vélvæðingarinnar. Um er að ræða listaverk eftir Svanhildi Sigurðardóttur, myndlistarkonu í London, er ber nafnið *Harpa hafsins* og var það afhjúpað við hátíðlega athöfn 19. júní síðastliðið sumar.

Jón Páll Halldórsson

FRÁ SAGNFRÆÐINGAFÉLAGI AKUREYRAR

Sagnfræðingafélag Akureyrar hefur starfað samfelldt frá árinu 1989. Venjulega eru haldnir 4-5 félagsfundir á ári, og nokkrum sinnum hefur verið efnt til vor- eða sumarferðar. Má m.a. minnst ferðar sem farin var út í Fjörður, þ.e. Hvalvatnsfjörð og Þorgeirsfjörð, í september 2002.

Á póstlista félagsins eru rúmlega 20 nöfn, en ekki hefur verið gengið mjög fast eftir árgjöldum, sem nú nema kr. 1000 á mann á ári. Nýr tilsjónarmaður er útnefndur árlega af þeim sem er að hætta, og sér tilsjónarmaðurinn um fundarboðanir og annað sem lýtur að stjórn félagsins. Lokafundur starfsárs 2002-03 var haldinn seint í október 2003 og sagði þá Þórður Vilhjálmsson frá byggð á Jökuldalsheiði, einkum á 19. öld. Þórður hætti þá sem tilsjónarmaður en undirritaður tók við. Rétt fyrir árslok 2003 var farið í skoðunarferð í Iðnaðarsafn Akureyrar, sem þá var enn í bráðabirgðahúsakynnum, og sýndi Jón Arnþórsson gestum þetta gagnmerka safn og sagði frá mörgu fróðlegu og skemmtilegu. Á tveimur fundum undir vor höfðu fyrst Eiríkur Brynjólfsson en síðan Þorlákur A. Jónsson og Jón Hjaltason framsögu, var mest rætt um nýlegar bækur. Dagan 14.-15. ágúst sl. sumar efndi félagið til sumarferðar á Jökuldalsheiði. Ekið var á tveimur einkabílum og voru þátttakendur átta, að mökum meðtöldum. Gengið var að

Háreksstöðum í norðanverðri heiðinni, síðan ekið að Sænautaseli, en þar fékk fólkið veitingar og skoðaði hinn endurreista gamla bæ. Þá var gengið að Veturhúsum, frá vegi og til baka, tók það nær fjórar stundir, undir mjög góðri leiðsögn Eyþórs Guðmundssonar frá Sænautaseli. Ferðalangar gistu í Möðrudal, en fóru næsta dag suður með Anavatni að vestan eftir fólksbílafærum vegi og skoðuðu tættur í Heiðarseli. Síðan var ekið um Brú á Jökuldal og allt suður í Aðalból á Hrafnkelsdal, þar sem kaffi var drukkið á Sámsbar. Eftir það var snúið við til Akureyrar. Eyþór var aftur leiðsögumaður okkar þennan dag. Veður var mjög bjart báða dagana og sémilega hlýtt.

Hinn 27. október var haldinn félagsfundur þar sem sýndar voru myndir úr sumarferðinni. Einnig ræddi undirritaður þá nokkuð um heiðabyggð 19. aldar í Þingeyjarsýslum, einkum á Fljótsheiði og inn af Þistilfrði, en sú byggð var hliðstæða byggðarinnar á Jökuldalsheiði.

Margrét Guðmundsdóttir hefur nú tekið við sem nýr tilsjónarmaður Sagnfræðingafélags Akureyrar.

Björn Teitsson

MUNIÐ ÁRGJALD FÉLAGSINS

HRÆÐILEGT OG FRÆÐILEGT. UMRÆÐUR UM FORSÆTISRÁÐHERRABÓKNA

„Ég sagði hann meinti víst pólitíska sögu einsog kend er í skólum, og vildi ég ekkert skifta mér af sögum um kónga og stjórnmálamenn og þeirra barsmíðar, og ættu slíkar skítaþulur ekki að líðast, hvorki í skólum né í dagblöðum.“

Halldór Laxness, *Guðsgjafarþula*.

Föstudaginn 17. september s.l. boðaði Sagnfræðingafélag Íslands til fundar um bókina *Forsætisráðherrar Íslands* sem kom út að tilstuðlan forsætisráðuneytisins tveimur dögum fyrr. Fundurinn var haldinn í Reykjavíkú-Akademíunni. Hann var vel sóttur, framsögur voru fróðlegar og fjörugar umræður urðu að þeim loknum. Tveir frummælendur gagnrýndu bókina, þau Jón Þór Pétursson (JPP) sagnfræðinemi og Hilma Gunnarsdóttir (HG) sagnfræðingur. Bæði komu gagnrýni sinni vel til skila og voru stétt sinni til sóma. Til varnar var Ólafur Teitur Guðnason, (ÓTG) stjórn málafræðingur, blaðamaður og ritstjóri bókarinnar. Hann flutt sitt mál einnig rögg samlega (erindi þeirra Jóns Þórs og Ólafs Teits má finna á krækju fyrir Sagnfræðingafélagið á Kistunni, www.kistan.is). Til fundarins var efnt því vitað var að bókin og sú hugmynd að gefa út rit af þessu tagi vakti blendnar tilfinningar meðal sagnfræðinga. Sjálfur skrifaði ég einn kafla í bókina og ætla hér í örstuttu máli að veða og meta þau rök sem nefnd voru til stuðnings útgáfunni og þá gagnrýni sem fram kom á hana.

Hvernig bók?

Í bókinni eru æviþættir allra þeirra sem voru ráðherrar Íslands til 1917 og forsætisráðherrar eftir það. Þeir, sem gagnrýndu bókina, héldu því fram að í henni væri að finna frekar gamaldags og jafnvel „hallærislega“ hetjusögu, enda væri stjórn málasaga frekar á undanhaldi úti í heimi (HG). Leiðtogar væru yfirleitt lofaðir í hástert í bókinni og þannig væri Hannes Hafstein bókstaflega „maríneraður í jákvæðum lýsingarorðum“ (JPP). Gegn þessu var sagt að í bókinni væru skemmtilegir kaflar um áhugaverða stjórn málamenn, enda var höfundum uppálagt „að skrifa aðgengilegan texta fremur en fræðilega ritgerð“ (ÓTG vitnaði í þá starfslýsingu). Um þetta má segja að stjórn málasaga er alls ekki á undanhaldi, hvorki hér heima né erlendis, enda bráðþörf undirgrein sagnfræðinnar einsog svo margar aðrar. Hins vegar er vissulega óvenjulegt í okkar heimshluta að stjórn völd standi beinlínis að útgáfu af þessu tagi.

Hvers vegna?

Gagnrýnendur þóttust sjá að útgáfa bókarinnar væri liður í „framleiðslu á þjóðarvitund“ (JPP). Ráðamenn stefni að því að hefja Hannes Hafstein á sama stall og Jón Sigurðsson, og Davíð Oddsson fylgi svo fast á eftir. Verið sé að reyna að segja sögu þeirra sigra sem leiðtogar þjóðarinnar unnu á grýttri leið frá undirokun til sjálfstæðis og velmegunar. Verjendur bókarinnar sögðu þetta fráleita tortryggni og ástæða útgáfunnar væri einfaldlega sú að verið væri að minnast 100 ára afmælis heimastjórnar með því að gefa út bók sem venjulegt fólk vildi lesa. Um þetta má segja að bæði þeir sem gagnrýna og þeir sem verja bókina virðast jafnvel freistast til þess að álíta að fólk sé fífl. Gagnrýnendurnir virðast halda að hægt sé að halda hverju sem er að fólk og öllu sé kokgleypt. Ég er viss um að hinn almenni lesandi gerir sér fullkomlega grein fyrir því að þegar stjórn málamenn skrifa t.d. um fallinn samflokksmann þá má alveg gera ráð fyrir að meira sé gert úr kostum en göllum þess manns. Ég held líka að þeir, sem stóðu að útgáfunni, hafi ekki haft neitt annað í huga en að skrifa vandaða og venjulega bók um leiðtoga landsins í hundrað ár. Þeim fannst það sjálfsagt á hátíðarstundu og þeir höfðu engin dýpri markmið í huga, að mínu mati. En þeir, sem verja bókina með því að segja að hér sé á ferðinni alþýðlegt rit en ekki þurr fræðilesning, eru líka að gera lítið úr hinum upplýsta lesanda. Var ekki hægt að skrifa aðgengilegan texta og fræðilega ritgerð? Auðvitað getur verið blæbrigðamunur á texta eftir því hverjum hann er ætlaður. En hvað er svona hræðilegt við fræðilegt? Hver var hættan við „fræðilega ritgerð“? Að það yrðu notuð of löng orð? Að eitthvað vont yrði sagt um söguhetjuna?

Óþarfi?

Gagnrýnendur töldu enga þörf á æviþáttum um ráðherra og forsætisráðherra landsins. Um marga hefði þegar verið skrifað og því væru þetta „mestmegnis endurtekningar“ (JPP). Því var auðsvarað hinum megin víglínunnar að vissulega væri margt til um leiðtogana 24 en hvergi allt á einum stað. Það eru að mínu mati veigamikil rök. Þessi bók mun koma að miklu gagni við ritun stjórn málasögu tímabilsins, mismiklu þó eftir köflum. Þar að auki virðist fólk ekki líta svo á að bókin sé óþörf; í nóvemberlok hafði útgefandinn dreift um 1.500 eintökum til bóksala og útlit var fyrir að í byrjun desember yrði fyrsta útgáfa bókarinnar uppseld (upplýsingar frá Jóni Hjaltasyni hjá Hólum). Það

HRÆDILEGT OG FRÆDILEGT. UMRÆÐUR UM FORSÆTISRÁÐHERRABÓKNA

hljóta að teljast meðmæli og skýrt dæmi um vilja fólks til að lesa bókina.

Hverjir skrifa?

Gagnrýnt var hverjir völdust til að skrifa æviþættina 24. Þar er að finna nokkra stjórnámálamenn eða yfirlýsta stuðningsmenn ákveðins flokks sem skrifuðu um samflokksmann sinn. Ritstjóri verksins hélt því fram að höfundarnir væru „einvalalið og varla hefði verið hægt að setja saman öflugri hóp.“ Sumt vekur þó athygli við þennan hóp. Þótt leita hafi þurft 24 höfunda fundust til dæmis aðeins fjórar hæfar konur, og engin undir fimmtugu. Fann ritnefndin enga unga og upprennandi kvenhöfunda eða var þeirra kannski ekki leitað? Reyndar eru aðeins tveir kaflahöfundar ekki komnir á fimmtugsaldur, ég sjálfur og Sigurður Eypórsson. Hann er framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins og skrifaði um Steingrím Hermannsson, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins. Þótt sá kafli sé lipurlega skrifaður, eins og allir þeir kaflar sem flokksmenn skrifuðu um eigin flokksbræður, mætti kannski líkja þessu við að áhrifamaður innan einhvers olúfélagsins skrifaði sögu síns eigin félags. Mér finnst undarlegt að ekki skyldu veljast til verksins fleiri undir fertugu en við framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. „Einvalaliðið“ er gamalt karlalið og í því er of mikið um flokksbundið fólk sem skrifar, eins og við mátti búast, af meiri aðdáun en gagnrýni um söguhetju sína. Sömuleiðis vekur athygli að í fimm manna ritnefnd kom aðeins einn úr hópi starfandi sagnfræðinga og stjórnálafræðinga (og án þess að rýrd sé varpað á þá ágætu karla, sem völdust í ritnefndina, má líka benda á að meðalaldur ritnefndarinnar er rúm sextíu ár).

Hvað voru sagnfræðingarnir að hugsa?

Í framsögu sinni spurði JPP að þessu og fannst slæmt að fræðimenn skyldu taka þátt í að boða „sameinandi sögu“ með ríkisvaldinu. Því er auðsvarað að þá fyrst myndu sagnfræðingar fara að setja sig á háan hest ef þeir neituðu að skrifa kafla í ritsafn af þessu tagi nema þeir væru vissir um að aðrir kaflar og höfundar væru þeim þóknanlegir. Slík harðlínustefna hefði ekki aukið veg sagnfræðingastéttarinnar og hún hefði verið vatn á myllu þeirra sem segja að sagnfræðingar geti ekki skrifað annað en tyrfinn fræðatexta sem eigi ekkert erindi til almennings.

Eitthvað annað!

Talsverðu fé var varið til útgáfu forsætisráðherrabókarinnar. Mikið af því fæst eflaust til baka því bókinn hefur jú selst vel. En hitt er staðreynd að á sama tíma vantar fé í rannsóknasjóði til að styrkja verkefni sem sannanlega eru styrkhæf. Fólk, sem hefur stundað framhaldsnám í sinni fræðigrein í áraraðir, fær því ekki tækifæri til að sinna rannsóknnum sínum áfram og koma þeim á framfæri. Sjálfur er ég einn þeirra fáu, sem hafa ekki yfir neinu að kvarta í þessum efnum, en sem formaður Sagnfræðingafélagsins verð ég að segja að ef aðstandendum bókarinnar finnst erfitt að skilja gremju fólks yfir þessu þá átta þeir sig ekki á veruleika íslenskrar fræðimennsku.

Guðni Th. Jóhannesson er formaður Sagnfræðingafélags Íslands

Erindi þeirra Ólafs Teits og Jóns Þórs frá fundinum um Forsetaráðherrabókina má finna á vefritinu Kistan (www.kistan.is) undir „Fræði – Sagnfræðingafélagið“.

**SKRÁNING Á
GAMMABREKKU**

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Á póstlistanum birtast fréttir og tilkynningar um fundi, ráðstefnur og aðra viðburði, fyrirspurnir og umræður.

Jafnframt er hægt að skoða eldri skeyti á póstlistanum. Farið er á síðuna:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

Þar er slegið inn póstfang og lykilorð sem notað var við skráningu á póstlistann.

Sjá nánar um póstlistann á heimasíðu félagsins,

<http://www.akademia.is/saga/gammabrekka/gammabrekka.htm>

RITSTULDUR ER GRAFALVARLEGT MÁL

Nokkur var undrun mín þegar ég hóf lestur greinarkorns eftir „höfund“ umdeildrar bókar í síðasta tölublaði *Fréttabréfs Sagnfræðingafélags Íslands*. Þeir sem lásu greinarkornið til enda sáu að megnið af því sem þar kom fram byggðist á kunnugum setningum. Því var ekki að furða að Jón Hjaltason, sagnfræðingur og útgefandi á Akureyri, skyldi segja í aðsendri grein í *Morgunblaðinu* hinn 24. sept. 2004:

Ég reyndi ... að útskýra fyrir honum hvað væri ritstuldur. En það var eins og að berja höfðinu við stein að ræða þessi mál við háskólaprófessorinn (samanber nýjustu skrif hans í *Fréttabréfi Sagnfræðingafélags Íslands*).

„Stóra Hannesarmálið“ hefur nú staðið í tæpt ár og sér ekki fyrir endann á því. Í þessu sambandi er rétt að benda á ítarlega úttekt og greiningu (rúmlega 60 bls.) á fyrstu vikum málsins í nýrri bók Sigurðar Gylfa Magnússonar, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Þar gagnrýnir hann m.a. hugmynd lögspekingsins Jóns Steinars Gunnlaugssonar um svokallaða *allsherjartilvísun*.

Eftir stendur að á þeim tíma sem liðinn er frá upphafi málsins hefur enginn sómakær fræðimaður verið reiðubúinn til þess að mæla vinnubrögðum hins umdeilda höfundar bót. Þau hafa meira að segja vakið athygli utan landsteinanna. Harald Gustafsson, prófessor í Lundi, sem er íslenskum sagnfræðingum að góðu kunnur, skrifaði t.d. um bókina í *Sydsvenska Dagbladet* 3. sept. 2004 og sagði m.a.:

Om Laxness arvingar reagerar, bör kanske också den svenska litteraturvetaren Peter Hallbergs arvingar se på texten. Hans Laxness böcker från 1950-talet är grunden för all senare Laxness-forskning och flitigt utnyttjade av Gissurarson, någon gång med nothänvisning men oftast utan. Han övertar synpunkter och analyser och på några ställen finns rena verbala övertaganden.

Hér er Harald í raun að lýsa mjög grófum ritstuldi. Þetta getur hvorki talist góð auglýsing fyrir Háskóla Íslands né heppilegur vitnisburður um fræðimennsku á Íslandi.

Og Harald heldur áfram:

Å andra sidan kanske inte en osjälvständighet i förhållande till tidigare litteraturvetenskaplig forskning är så oväntad när en statsvetare skriver. Mer förvånande är att det förväntade politiska perspektivet ute blir. Eller perspektiv över huvud taget — boken saknar röd tråd och lunkar troget efter Laxness från adress till adress, kvinna till kvinna, ideologi till ideologi.

Hérna tekur hann undir með hérlandum gagnrýnendum. En undir lok greinar sinnar kveður Harald hins vegar fastar að orði en nokkur innlendir fræðimaður hefur gert fram að þessu:

Hannes Hómsteinn Gissurarsons Laxness-biografi lägger inte mycket nytt till bilden av denna spännande och sammansatta författare och kunde gott ha förblivit oskriven.

Aðalatriðið er þetta: Ritstuldur er grafalvarlegt mál. Vandasamasta skrefið er ætíð það að bera kennsl á vinnubrögðin í hverju tilfelli fyrir sig, að sýna hvar hinum ólánssömu höfundum hefur orðið á í messunni. Mörg tilvik komast því aldrei upp, en fræðimenn virðast vera sammála um að ritstuldur fari vaxandi í heiminum og að við því þurfi að bregðast. Það læra allir á fyrsta ári í háskóla að það beri að auðkenna hvaðeina sem fengið er að láni hjá öðrum og gildir það jafnt um texta, hugmyndir sem túlkanir. Annað brýtur í bága við höfundarréttarlög og/eða þau síðalögmál sem vísindasamfélagið hvílir á. Brjóti menn þessa einföldu grundvallarreglu gerist annað tveggja í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við — löndum þar sem virðing fyrir eignarréttinum er orðin almenn: Þeim er refsað með beinum aðgerðum réttarkerfisins og/eða þeir dæma sig sjálfir til lengri eða skemmri útleðar úr samfélagi fræðimanna. Því alvarlegra sem brotið er, þeim mun lengri verður útleðin. Og sumir eiga aldrei afturkvæmt — og síst þeir sem ekki átta sig á mistökum sínum. Auk þess er það meginreglan í þessum löndum að bókaforlögin draga viðkomandi bækur umsvifalaust til baka.

Páll Björnsson starfar innan Reykjavíkur-Akademíunnar.

Spennandi tilboð

Á haustdögum var ég beðin að standa fyrir vinnustofu á tveimur námskeiðum lettneskra sögukennara. Þeir eru nú um það bil að ljúka þriggja ára endurmenntunarátaki sem hollensk menntamálayfirvöld styrkja heimamenn til undir regnhlíf EUROCLIO, Evrópusamtaka sögukennara. Mér fannst tilvalið að undirbúa eitthvað sem gæti nýst öllum sögukennurum, sama í hvaða landi eða við hvaða efnislegu kringumstæður þeir byggju við. Beinast lá við að kynna fyrir Lettunum tvær afbrigðis kennsluáferðir sem virkja nemendur til samvinnunáms og þjálfna þá í góðum og uppbyggilegum samræðum, ekki síst um ágreiningsefni. Feykilega ígrunduð kennslufræði lá greinilega að baki þessari prýðilegu vinnustofu sem ég undirbjó af miklu kappi og sendi loks grundvallarskjöl utan til þýðingar yfir á lettnesku, stórlega létt yfir að koma því frá á annasömum tímum.

Öflugir kennarar

Strax næsta morgun komu viðbrögð frá Lettlandi: „Kæra Margrét, þetta kunnum við allt aftur á bak og áfram. Geturðu ekki komið með eitthvað meira konkret, t.d. um víkinga?“ Skyndilega var sjálfumglaða Norðurlandabúanum kippt niður á jörðina með dynki. Sannleikurinn er sá að hvað varðar nýjungar eða aðferðafræði höfum við ekkert að færa Lettum eða Eistum. Á meðan við hér á Norðurlöndum höfum verið sæl með okkar ágætu siglingu og alltaf reiðubúin að kenna öðrum með bros á vör hafa Eystrasaltsþjóðir af alkunnum ástæðum stokkað allt upp hjá sér, þ.á.m. menntakerfið. Hluti þess er þetta endurmenntunarátak sögukennara sem hefur tekið á ótal viðkvæmum atriðum í sögu lands og þjóðar og ekki síst þeirri staðreynd að stór hluti íbúa landanna er rússneskur, hvað sem tautar og raular. Lettneskir sögukennarar eiga heiður skilinn fyrir að hafa ákveðið að móta þessa umræðu eftir fongum, gjarnan á allt öðrum forsendum en stjórnvöld gera – og verður komið að því nánar hér á eftir. Hvað sem því líður þurfti sjálfumglaði Norðurlandabúinn nú að horfast í augu við að hann gæti lítið kennt Lettunum í aðferðafræðinni og því vænlegast að verða við ósk þeirra um víkingavinnustofu.

Preyttir víkingar.

En þarna var vandi á höndum. Sjálfri hefði mér aldrei dottið í hug að velja þetta efni sem mér

fannst jaðra við að vera ... þreytt. Ekki ætlaði ég að fara að messa yfir reyndum sagnfræðingum um víkinga sem ég gerði ráð fyrir að þeir þekktu ágætlega. Því kviknaði sú hugmynd að horfa fyrst og fremst til víkinga í vestri, þ.e. á Íslandi, Grænlandi og Ameríku, með von um að það væri helst framandi í augum Letta. Til að gera langa sögu stutta unnu kennararnir af gífurlegum krafti með lesefni, myndir og fleira þessu tengt í 1 ½ tíma. Ég var stórhvifin af faglegum vinnubrögðum þeirra sem voru greinileg, þrátt fyrir að öll samskipti færu fram með aðstoð túlks. Ég viðurkenni að hrifning mín stafaði ekki síst af því að kennararnir voru nokkuð við aldur, megnið af þeim komið yfir sextugt. Sú leið var farin að ég kynnti vinnustofuna með nokkrum orðum í upphafi en lét þau síðan um vinnuna. Í þessum inngangsorðum spilaði ég að sjálfsgöðu á tengsl Íslands og Eystrasaltsþjóða sem hafa tekið allnokkrum breytingum frá því að Egill herjaði á Kúrlandi og þangað til Jón Baldvin lýsti stuðningi við sjálfstæðið – nokkuð sem ég vissi fyrir að öllum í þessum löndum er vel kunnugt um. Ég gerðist nokkuð sjálfmiðuð og sýndi þeim hvernig ég er afkomandi Egils. Þessar upplýsingar þóttu með ólíkindum og kom í ljós að menn dáðust að þeim þrotlausu rannsóknnum mínum sem hlytu að liggja þarna að baki. Hvort á maður að baða sig í slíkum ljóma í útlöndum eða segja sem er, að þetta hafi tekið 20 sek.?

Sögukennarar föðurlandssvikarar?

Einmitt þá daga sem ég var í Lettlandi var mikill uggur í sögukennurum. Stjórnvöld höfðu loks fallist á þá kröfu háttsettra aðila í samfélaginu að hætta að samþætta þjóðar- og mannkynssögukennslu og aðgreina þær til að geta betur lagt áherslu á stórkostlega sögu og menningu Lettlands. Þeir sem standa að sagnfræðimenntun á öllum skólastigum höfðu í kjölfarið birt yfirlýsingu í blöðum þar sem varað var við þeirri ógeðfelli þjóðernishyggju sem lægi að baki vanhugsaðri ákvörðun stjórnvalda. Yfirlýsingin varð til þess að næsta dag hafði formanni Félags sögukennara verið varpað á dyr í ráðhúsi Rigaborgar þegar hún kom þar til að ræða um stuðning borgarstjórnarinnar við alþjóðlega ráðstefnu sögukennara sem haldin verður í Riga í apríl n.k. Margt sérkennilegt virðist á seyði við Daugavafljót. Því verður spennandi að heimsækja Lettland aftur í apríl (sjá nánar *euroclio.history.org*, undir *Annual Conference*). Margrét Gestsdóttir kennir við Fjölbrautarskólann í Ármúla.

LANDSBYGGÐARÁÐSTEFNA 2005 — EIÐAR

Landsbyggðarráðstefnan árlega verður haldin að Eiðum á Austurlandi 3.-5. júní næsta sumar. Að ráðstefnunni standa Sagnfræðingafélag Íslands, Félag Þjóðfræðinga á Íslandi og heimamenn eystra.

Ráðstefnugestir munu gista og funda að Eiðum, hinu gamalgróna mennta- og menningarsetri, og má fullyrða að betri staður til ráðstefnuhalds sé vandfundinn á landinu (sjá heimasíðu Eiða, www.eidar.is). Náttúrufegurð er rómuð á þessum slóðum og hér gefst því frábært tækifæri til að fræðast og treysta vinabönd í góðra vina hópi. Einnig verður haldið í fræðslu- og kynningarferðir niður á firði og að Skriðuklaustri og virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka.

Peir, sem vilja halda erindi á ráðstefnunni, eru hvattir til að hafa samband við fulltrúa félagsins í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar (sjá upplýsingar að neðan). Erindi, sem tengjast sögu og samtíð Austurlands, eru sérstaklega vel þegin

og auk þess erindi sem fjalla á einhvern hátt um erlend áhrif á Íslandi, en gera má ráð fyrir að það verði eitt meginþema ráðstefnunnar. Öll boð um erindi verða þó tekin til mjög vinsamlegrar athugunar.

Stefnt er að því að ráðstefnugjald, sem innihaldi gistingu, flug austur og ráðstefnuferðir, verði sérlega hagstætt. Öll skipulagning verður mun auðveldari, því fyrr sem fjöldi fyrirlesara liggur fyrir og biðjum við áhugasama þess vegna um að hafa samband fyrr en seinna. Undirritaðir veita allar nánari upplýsingar.

Guðni Th. Jóhannesson
(895-2340, guðnith@hi.is)

Svavar Hávarðsson
(899-9998, svavarha@simnet.is)

HVAÐ EF? VANGAVELTUR UM SÖGU OG MENNINGU ÍSLANDS

Ráðgert er að gefa út bók árið 2005 sem ber vinnuheitid *Hvað ef? Vangaveltur um sögu og menningu Íslands*. Hvað ef þú tækir að þér að skrifa einn kafla í bókina?

Reglurnar eru einfaldar. Þú skrifar þinn kafla sem valinn er í samráði við ritstjóra og skilar honum fyrir 15. febrúar 2005. Ritstjórar lesa kaflann yfir og skila honum með athugasemdum fyrir 1. apríl og þú skilar endanlegu handriti eigi síðar en 1. júlí 2005. Í september 2005 fer bókin í prentun og kemur á markað í október. Þú færð 3 eintök af bókinni þegar hún kemur út og 2% af listaverði bókarinnar. Að sjálfsögðu verður höfundarrétturinn þinn og þú getur farið með efnið eins og þú vilt eftir að bókin er komin út.

Til þess að skrifa um efni sem ekki gerðist en *gæti* hafa gerst er ögrandi verkefni sem krefst mikillar þekkingar á viðfangsefninu og umhverfi þess. Þetta er sjálfstætt verkefni sem lifir eigin lífi en er ekki andstæða einhvers sem gerðist í raun. Auðvitað er þetta skáldskapur en frásögnin er sönn í þeim skilningi að hún er trú viðfangsefninu og því umhverfi sem hún er látin gerast í. Hver kafla hefst á stuttum inngangi þar sem skýrt er frá því sem raunverulega gerðist en

síðan er spurt, *hvað ef?* Það eru engar tilvísanir í heimildir en koma má með skýringar neðanmáls ef þurfa þykir. Höfundur ræður hvað frásögnin nær yfir langan tíma og aðalatriðið er að hún standi heil, með upphaf og enda, og sé eins og hver önnur frásögn í yfirlitsriti.

Hver kafla er um 10 bls. og gert ráð fyrir ca. 400 orðum á síðunni, þ.e. ekki færri en 4000 orð en 5000 orð er algjört hámark fyrir kaflann, með öllu. Gert er ráð fyrir 10 höfundum, hugsanlega fleirum, auk ritstjóra sem munu einnig skrifa inngang en bókin verður líklega um 150 síður. Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við ritstjóra bókarinnar og kynntu þér málið nánar. Þegar hafa nokkrir lýst áhuga sínum á að skrifa um tiltekin efni en engar ákvarðanir hafa verið teknar. Við erum opnir fyrir hugmyndum að efni úr nútíð og fortíð og hverjum því sem tengist íslenskri menningarsögu.

Skilafrestur til að skila inn hugmyndum að efni er til jóla.

Nánari upplýsingar veita ritstjórnir,
Árni Daníel Júlíusson arnidan@akademia.is, 891 8096
Jón Ólafur Ísberg joli@centrum.is, 869 1683.

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölritunarstofu Daníels Halldórssonar.

Efni í fréttabréfið má senda á bragio@bok.hi.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
